

# Ú R S K U R Ð U R

Hinn 28. október 2013 kom dómstóll Skáksambands Íslands saman í húsakynnum sambandsins að Faxafeni 12, Reykjavík og tók fyrir kærumál nr. 3/2013:

Taflfélag Reykjavíkur

gagn

Skákfélaginu GM-Helli

Dóminn skipa:

Halldór Brynjar Halldórsson hdl., Björgvin Jónsson hrl. og Andri Valur Hrólfsson.

Gögn málsins liggja fyrir en þau eru:

- Nr. 1 Kæra í formi tölvupósts dags. 15. október 2013.
- Nr. 2 Úrskurður mótsstjórnar Íslandsmóts Skákfélaga dags. 14. október 2013.
- Nr. 3 Kæra til mótsstjórnar dags. 12. október 2013 vegna uppstillingar liðs Skákfélagsins GM-Hellis e í viðureign við TR c.
- Nr. 4 Kæra til mótsstjórnar dags. 12. október 2013 vegna uppstillingar liðs Skákfélagsins GM-Hellis a í viðureign við TR b.
- Nr. 5 Kæra til mótsstjórnar dags. 13. október 2013 vegna uppstillingar liðs Skákfélagsins GM-Helli a í viðureign við TR a.
- Nr. 6 Svar Skákfélagsins GM-Hellis við kærum dags. 16. október 2013.

## I. Málsmeðferð og sjónarmið aðila

Þann 15. október 2013 barst dómstólnum kæra sóknaraðila, Taflfélags Reykjavíkur, á úrskurði mótsstjórnar Íslandsmóts Skákfélaga 2013-2014 frá 14. október 2013. Með úrskurðinum var kærum sóknaraðila vísað frá. Eiginleg kröfugerð kemur ekki fram í kæru sóknaraðila til dómstólsins, en skilja verður hana sem svo að krafist sé ógildingar á framangreindum úrskurði mótsstjórnar og að úrslitum í þremur viðureignum sveita sóknaraðila við sveitir varnaraðila Skákfélagsins GM-Hellis verði breytt á þann veg sem krafist var fyrir móttstjórn. Nánar tiltekið er um eftirfarandi viðureignir að ræða:

- 1) Viðureign Skákfélagsins GM-Hellis e og TR c. Þess er krafist að TR c verði dæmdur 6-0 sigur.
- 2) Viðureign Skákfélagsins GM-Hellis a og TR b. Þess er krafist að TR b verði dæmdur 8-0 sigur.
- 3) Viðureign Skákfélagsins GM-Hellis a og TR a. Þess er krafist að TR a verði dæmdur 8-0 sigur.

Í kærum sóknaraðila til mótsstjórnar Í.S. er á því byggt að allir keppendur viðkomandi sveita varnaraðila hafi verið ólöglegir þar sem uppstilling liðanna fari

gegn 19., sbr. 20. gr. skáklaga SÍ. Er nánar tiltekið á því byggt að engin tilkynning í samræmi við nefndar greinar hafi verið send SÍ. innan þess 20 daga frests sem áskilinn er í greinunum. Við lok frestsins hafi allir liðsmenn sveitanna ýmist verið skráðir félagsmenn Taflfélagsins Hellis eða Taflfélagsins Goðinn Mátar. Enginn hafi verið skráður í skákfélagið GM-Helli. Það fáist ekki staðist að sameina keppendaskrár félaga eftir að frestur skv. 19., sbr. 20. gr. skáklaganna er útrunninn. Slík aðgerð fari gegn öllu jafnræði og standi önnur félög höllum fæti.

Skilningur sóknaraðila sé sa að ákvæðið sé kristaltært og lokast hafi fyrir félagaskipti þann 20. september 2013. Tilkynning um sameiningu félaganna hafi hins vegar borist þann 6. október 2013, fjórum dögum fyrir upphaf keppninnar. Ljóst sé að enginn skákmaður hafi verið skráður í Skákfélagið GM-Helli áður en félagaskiptaglugginn lokaðist og liðsmenn liðsins því ólöglegir. Ekkert ákvæði sé í skáklögum um sameiningu skákfélaga. Slík þögn um framkvæmd verði ekki túlkuð eftir geðþóttu, en varfærnast sé að ganga út frá því í leikreglum að það sem ekki er leyft sérstaklega verði það öndverða, enda ítarleg ákvæði um aðra framkvæmd. Þá er vísað til þess að þó reglugerð um Íslandsmót Skákfélaga heimili sameinuðum félögum að halda deildarsætum sínum sé augljóst að fari slík sameining fram eftir að félagaskiptaglugginn lokast sbr. 19. og 20. grein skáklaga SÍ, getur það ekki tekið þátt á löglegan máta undir merkjum nýs félags. Bendir sóknaraðili að skáklög séu rétthærri réttarheimild en reglugerð um Íslandsmót Skákfélaga.

Varnaraðila var gert viðvart um kæruna og gefinn kostur á andsvörum. Með tölvupósti þann 17. október barst dómstólinum svar varnaraðila dags. 16. október 2013. Í svarinu er aðdragandi samrunans rakinn og hann sagður hafa verið skammur. Vísað er til þess að þann 2. október 2013 hafi verið bókað í fundargerð stjórnar SÍ. að hið sameinaða félag sé fullgildur aðili að SÍ. og taki við réttindum og skyldum samrunafélaganna. Jafnframt sé bókað að stjórn SÍ. staðfesti að 8. gr. reglugerðar um ÍS. gildi um þátttöku hins sameinaða félags. Á grundvelli þessarar samþykktar hafi varnaraðili sent sveitir til þátttöku á Íslandsmóti Skákfélaga 2013/14.

Varnaraðili viðurkennir að óheppilegt sé að sameining félaga eigi sér stað með jafn skömmum fyrirvara og í þessu tilviki. Hins vegar sé ekkert í lögum eða reglum SÍ. sem girði fyrir það. Stjórn SÍ. hafi staðfest keppendaskrá varnaraðila á grundvelli 3. mgr. 19. gr. skáklaganna. Ákvörðun stjórnarinnar hafi ekki verið skotið til dómstólsins og það sé ekki í verkahring mótsstjórnar að kveða á um lögmæti keppendaskrárinnar í heild, eins og mótsstjórn hafi staðfest. Með hliðsjón af því beri að vísa kærum sóknaraðila frá.

Telji dómstóllinn að hann hafi vald til að kveða á um þetta álitamál vísar varnaraðili til 2. ml. 8. gr. reglugerðar um ÍS. Ákvæðið heimili sameiningu félaga og kveði ekki á um nein tímamörk. Í samræmi við almennar reglur öðlist sameinað félag réttindi og skyldur fyrri félaga. Eðli málsins samkvæmt sameinist keppendaskrár félaga við þær aðstæður. Sameining félaga jafngildi ekki félagaskiptum. Liðsmenn hafi hvorki þurft að skrá sig úr félagi né skrá sig í félag.

Til þess verði einnig að líta að það sé afar viðurhlutamikil ákvörðun að dæma allar skákir liðsmanna varnaraðila tapaðar í Íslandsmóti Skákfélaga 2013–2014. Slík niðurstaða verði að byggja á traustum lagagrunni. Þögn sé í skáklögum um

réttaráhrif sameiningar en ekki í reglugerð um Íslandsmót skákfélaga. Það þýði að ákvæði reglugerðarinnar hljóta að gilda um réttaráhrif sameiningar.

## **II. Niðurstaða**

Það athugast að kæra sóknaraðila uppfyllti ekki formskilyrði reglugerðar um Skákdómstólinn sem sett var með stoð í 13. gr. laga S.Í. þann 3. janúar 2005. Eins og á stendur þykja þó ekki efni til að vísa málunum frá dómstólnum af þessum sökum.

Með hinum kærða úrskurði mótsstjórnar var kærum sóknaraðila vísað frá mótsstjórn. Byggir úrskurðurinn á þeiri forsendu að kæruefni málsins lúti ekki að „lögmæti keppenda“ í skilningi 21. gr. skáklaga S.Í., heldur í raun því álitaefni hvort frestur til félagaskipta skv. 2. mgr. 19. gr. skáklaganna standi í vegi fyrir því að taflfélög, sem sameinist að liðnum þeim fresti en áður en Íslandsmót skákfélaga hefst, geti tekið þátt í mótinu í nafni hins sameinaða félags.

Á þetta getur dómstóllinn ekki fallist. Kærur sóknaraðila byggja á þeiri málsástæðu að enginn liðsmaður þeirra sveita sem um ræðir hafi verið skráðir í sameinað félag varnaraðila þegar frestur til félagaskipta skv. 2. mgr. 19. gr. skáklaga S.Í. leið. Þeir hafi því ekki verið lögmætir keppendur með sveitum varnaraðila í Íslandsmóti Skákfélaga. Verður því að telja kærurnar lúta að „lögmæti keppenda“ í skilningi 21. gr. skáklaga S.Í. og verða þær því teknar til efnismeðferðar.

Engin ákvæði eru um sameiningar félaga í lögum eða skáklögum S.Í. Hins vegar er kveðið á um það í 8. gr. reglugerðar um Íslandsmót Skákfélaga að við sameiningu tveggja eða fleiri félaga skuli hið sameinaða félag halda deildarsætum viðkomandi félaga eins og þau voru réttilega áunnin fyrir sameininguna. Ekki er kveðið á um tímamörk slíkra sameininga í greininni.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. skáklaga S.Í. skulu aðeins þeir keppendur sem eru í Keppendaskrá S.Í. teljast löglegir með viðkomandi félagi í Íslandsmóti Skákfélaga. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal tilkynning skákmanns skv. 2. gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins hafa verið send 20. dögum fyrir upphaf fyrri hluta Íslandsmóts Skákfélaga „ella getur hann ekki teft fyrir sitt nýja félag í því.“

Í ofangreindri málsgrein er því vísað til 2. gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins, en þar segir að „skipti skákmaður um félag, nýskráist í það eða hættir í því skal hann tilkynna S.Í. það á þar til gerðu eyðublaði“.

Það er álit dómstólsins að ef beita eigi svo íþyngjandi úrræði sem sóknaraðili gerir kröfu um verði slík niðurstaða að eiga sér skýra lagastoð. Hér að framan hafa verið rakin þau ákvæði laga og reglugerða sem málsaðilar hafa vísað til. Fyrir liggur að engin ákvæði laga S.Í. kveða á um neins konar takmörkun á heimild félaga til sameiningar. Þá er enga slíka takmörkun að finna í 8. gr. reglugerðar um Í.S. sem heimilar sameinuðu félagi að halda áunnum sætum sameinaðra félaga í Íslandsmóti Skákfélaga.

Samkvæmt almennum reglum félagaréttar tekur sameinað félag við öllum réttindum og skyldum samrunaaðila. Svo var einnig í því tilviki sem hér um ræðir. Þannig verða félagsmenn sjálfkrafa félagsmenn hins sameinaða félags, án þess að nein athöfn þurfi að koma til af þeirra hálfu. Verður því ekki talið að einstökum félagsmönnum hafi borið við þessar aðstæður að tilkynna S.Í. um félagaskipti á þar til gerðu

eyðublaði skv. 2. gr. reglugerðar um Keppendaskrá Skáksambandsins. Af því leiðir  
því að 20 daga frestur 2. mgr. 19. gr. skáklaga SÍ. á ekki við í tilvikum sem þessum.


Samkvæmt öllu framangreindu er það niðurstaða dómstólsins að keppendur sveita  
varnaraðila hafi ekki verið ólöglegir í þeim viðureignum sem kæra sóknaraðila laut  
að. Er því kröfum sóknaraðila hafnað.

#### Úrskurðarorð

Kröfum sóknaraðila er hafnað.



Halldór Brynjar Halldórsson



Björgvin Jónsson



Andri Valur Hrólfsson